



Akraneskaupstaður
B.t. bæjarráðs
Stillholt 16-18
300 Akranes

Akranes, 27. september 2017
1708093 SA/PHJ

Efni: Grunnforsendur vegna tekju- og gjalda fjárhagsáætlunnar 2018

Almennar forsendur

Í samræmi við forsendur til vinnslu fjárheimilda fyrir árið 2018 og fjárhagsáætlun til þriggja ára, sbr. minnisblað dags. 12.sept. 2017, frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga.

Hagstofu Íslands er falið það verkefni að gera þjóðhagsspá og er fjárlagafrumvarp byggt á sumarspá stofnunarinnar frá 31. maí síðastliðnum. Með sama hætti er ætlast til að sveitarfélögin gangi út frá spám hagstofunnar um efnahag þjóðarbúsins í heild við gerð fjárhagsáætlana og geri grein fyrir þeim forsendum sem að stefnumörkunin byggist á eins og segir í 8. gr. laga um opinber fjármál.

Vænt verðbólga

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, dagsett 31. maí 2017, áætlar að verðbólga ársins 2018 muni mælast 2,7%. Peningamál Seðlabanka, útgefið 23. ágúst 2017, áætlar að verðbólga ársins 2018 muni mælast 2,6% og því er ekki mikill munur á áætlunum þeirra fyrir árið 2018.

Við gerð fjárhagsáætlunnar teljum við ráðlagt að fylgja áætlunum og þjóðhagsspá Hagstofu Íslands í megin máli.

Vísitala neysluverðs (VNV)

| Breyting milli ára í % | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|-----------------------------------|------|------|------|------|------|------|
| Sbr. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands | 1,90 | 2,70 | 2,90 | 2,70 | 2,60 | 2,50 |
| Sbr. Peningamálum Seðlabankans | 1,80 | 2,60 | 2,80 | | | |
| Meðaltal | 1,85 | 2,65 | 2,85 | | | |

Launavísitala

Útsvarstekjur ráðast fyrst og fremst af þróun launatekna í sveitarfélaginu og vegur launakostnaður einnig þungt í útgjöldum sveitarfélaga. Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir því að launavísitala hækki um 6,5% frá árinu 2017 til ársins 2018. Miðað við vænta verðbólgu fyrir



Akraneskaupstaður

sama tímabil felur það í sér kaupmáttaraukningu sem nemur 3,8% fyrir árið 2018 og kaupmáttaraukningu sem nemur 3,0% fyrir árið 2019. Í töflu hér að neðan má sjá vænta þróun á launavísitölu skv. Hagstofu Íslands sem og skv. Peningamálum Seðlabankans.

Launavísitala

| Breyting milli ára í % | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|-----------------------------------|------|------|------|------|------|------|
| Sbr. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands | 6,70 | 6,50 | 5,90 | 4,60 | 4,30 | 4,20 |
| Sbr. Peningamálum Seðlabankans | 5,50 | 4,70 | 5,10 | N/A | N/A | N/A |
| Meðaltal | 6,10 | 5,60 | 5,50 | N/A | N/A | N/A |

Launaáætlun árið 2018 byggir á gögnun frá sviðsstjórum/forstöðumönnum (einingar) og taka þær mið af launabreytingum skv. gildandi kjarasamningum árið 2018. Kjarasamningar eru í gildi til mars 2019 að undanskilnum samningum kennara en viðræður standa yfir þessi misseri. Launaáætlanir eru í vinnslu og verða klárar til keyrslu í næstu viku.

Endurskoðunarákvæði er í kjarasamningum á almenna markaðinum og mun reyna á það í upphafi næsta árs. Komi til uppsagna er opinberi markaðurinn í uppnámi í framhaldi af því. Lagt er til að forsendur launa, þ.e. 6,5%, verði notaðar við vinnslu launaáætlanna en gert verður ráð fyrir að hluti þeirra hækkanna verði settur í potta á hverju sviði til að mæta mögulega þeirri óvissu.

Tekjuforsendur

Áætluð íbúafjölgun

Áætluð fjölgun íbúa er byggð á sama grunni og síðastliðin ár sem nemur 0,75% aukningu en rétt er þó að geta að fjölgun íbúa á árinu 2016 nam 2,1%. Meðaltal síðustu fimm ára þar á undan nam þó 0,7%.

Útsvarstekjur

Á grundvelli spá Hagstofu Íslands um hækkun launavísitölu og áætlun um fjölda starfandi fólks hefur fjármálaráðuneytið við undirbúning fjárlaga áætlað að tekjuskattstofn muni hækka um 9,1% á þessu ári á landsvísu og um 8,0% á árinu 2018. Við óbreyttan fjölda vinnandi fólks á hverju svæði myndi hækkunin því nema áætlaðri hækkun launa eða sem nemur 6,5%. Sambandið sendir út áætlun hvað þetta varðar í lok október.

Fasteignaskattur

Að óbreyttu álagningarhlutfalli ætti fasteignaskattur að hækka um tæpar 66 m.kr. eða um 13,2% og myndi því nema samtals 566,3 m.kr. Önnur leið væri sú að hækkunin yrði ekki tekin til fulls og myndi nema 2,7% þ.e.a.s. í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs. Sú



Akraneskaupstaður

leið gæti þó falið í sér að tekjur frá Jöfnunarsjóði myndu lækka að sama skapi en það þyrfti að kanna þann þátt frekar.

Gjöld

Lagt er til að almennt hækki gjöld í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs eða sem nemur 2,7%.

Í sumum gjaldaliðum er varðar þjónustukaup þar sem að vinnuliður er stór hluti af reikningnum er nær lagi að áætla kostnaðaraukningu í samræmi við áætlaða hækkun launa fremur áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs (VNV). Slíkir gjaldaliðir verða hækkaðir á bilinu 2,7% til 6,5% eða eftir vægi launaliðar í slíkum þjónustukaupum.

Annar rekstur

Áætluð hækkun milli ára nemur 2,7%, í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs, nema að annað sé tekið fram.

Afskriftir

Upplýsingar um afskriftir koma út úr eignakerfi bókhalds.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Þorgeir Hafsteinn Jónsson

Fjármálastjóri